

Nefndarálit æskulýðsnefndar:

Þingskjal nr. 38

Flytjandi Hestamannafélagið Hörður

Lagt fyrir Æskulýðsnefnd

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að að stofnaður verði starfshópur innan LH um nýliðun í hestamennsku.

Greinargerð

Fyrir síðasta landsþing 2020 var mikið rætt um áherslur í vinnu við nýliðun í hestamennsku. Staðan á þeirri vinnu virðist nokkuð óljós og engin sérstök verkefni virðast vera í gangi innan samtakanna eða nefndarstörf þar sem unnið er sérstaklega að nýliðun. Ekki eingöngu þarf að leggja áherslu á nýliðun meðal barna og ungmenna heldur einnig fullorðinna. Þörf er fyrir sérstakt átak við nýliðun, hestamannafélögin hafa mjög mörg aukið nýliðun meðan barna og unglunga í gegnum félagshesthús en eldri hópar frekar orðið útundan. Best færi á að LH stýrði slíku verkefni og vinnu við greiningu á stöðunni.

Niðurstaða fundar æskulýðsnefndar á landsþingi LH;

Æskulýðsnefnd leggur til breytingatillögur 38a og 38b;

Þingskjal 38A

Breytingatillaga 38a hljóðar eftirfarandi;

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að skipaður verði starfshópur innan LH um nýliðun í hestamennsku. Stjórn LH skipi í starfshóp sem tekur til starfa eigi síðar en 1. febrúar 2023. Sú nefnd skili af sér aðgerðaráætlun og kynni á formannafundi LH haustið 2023.

Þingskjal 38B

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir **breytingatillögu 38b**, sem hljóðar eftirfarandi;

Stjórn LH sendi formlegt bréf til ráðherra Íþróttamála eigi síðar en 30. nóvember 2022 og óski eftir aðild að starfshópi um nýliðunarmál barna, unglunga og ungmenna innan ráðuneytisins. Óskað er eftir að stjórn LH upplýsi formenn hestamannafélaganna og formenn æskulýðsnefnda hestamannafélaganna um framvindu efni bréfsins.